

20/1 64

Skógarvörðurinn á Vöglum,  
-----

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1963.  
\*\*\*\*\*

Ísleifur Sumarliðason.  
-----

# Starfsskýrsla skógarvarðarins á Vöglum fyrir árið 1963.

-----

## I. I n n g a n g u r.

-----

### 1. Veðurfar.

Yfirleitt ríkti suðlæg átt í janúarmánuði. Snjólétt var svo að þess munu fá dæmi hér um slóðir og þá einnig óvenju úrkomulítið, aðeins 4.0 mm. Frost voru mikil fyrri hluta mánaðarins og víða vatnslítið af þeim sökum. Lágmark mældist 5. janúar -20.5 stig, hámark 28. s. m. 8.3 stig. Snjódýpt mest 5 cm.

Í febrúar var breytileg átt, oftast hægviðri og afar snjólétt. Mesta frost mældist -19.5 stig 5. febrúar, mestur hiti 7.2 stig 28. s. m. Mesta snjódýpt mældist 30 cm. 27. s. m.

Í marz má segja að væri einmuna veðurblíða, aðeins snjóföl á jörðu, mjög frostalítið, hægviðri. Aðallega ríkti austlæg átt, einum suðaustlæg. Kaldast -8.9 stig 13. marz, heitast 9.9 stig 3. s. m. Mesta snjódýpt 10 cm. 1. marz.

Í apríl var breytileg átt. Þann 9. apríl gekk í norðan stórviðri upp úr hádeginu, en fram að þeim tíma var afbragðs veður með allt að 11.7 stiga hita 5. apríl og var það hámark hitans í mánuðinum, en lágmark -14.6 stig mældist 10. apríl. Þann 9. apríl var hitinn ~~kk.~~ 3.6 stig kl. 8 að morgni og snjólaust, en að kvöldi sama dags var komið -10.0 stig frost og 20 cm. snjódýpt. Að kvöldi 10. s. m. var snjódýptin orðin 37 cm. Í þessu veðri uærðu talsverðir fjáskaðar að Ytra-Hóló í Fnjóskadal. Öðru hvoru snjóaði fram til 18. apríl en úr því tók að hlýna og var snjólaust að mestu 26. s. m. Mesta snjódýpt mældist 17. apríl 48 cm.

Í maí var breytileg átt frá byrjun mánaðarins fram til 22. s. m. Að mestu ríkti þó norðlæg átt og var heldur kalt. Eftir það snerist til sunnanáttar og fór gróðri vel fram úr því. Hámark hita mældist 15.5 stig 24. maí og lágmark -9.7 stig 2. s. m.

Í júní 1.-7 ríkti suðlæg átt, 8.-20. vestlæg eða norðlæg átt og 21.-30. yfirleitt suðlæg átt. Tíðarfar var yfirleitt mjög hagstætt og hlýtt, að fáeinum dögum undanskildum um og upp úr miðjum mánuðinum. Sex dagar voru með yfir 20 stiga hámarkshita, hámark 23.1 stig 30. júní, lágmark -0.1 stig 2. s. m.

Í júlí var suðlæg átt og hlýtt 1.-9. en 10.-25. var norðlæg átt og kalt, svo að fyrir kom að gránaði niður í miðjar hliðar og t. d. komst hitastig niður í 4.0 stig kl. 15<sup>00</sup>

Þann 24. júlí. Eftir 26. s. m. snerist til sunnanáttar og hlýnaði. Hámark hita mældist 22.6 stig 1. júlí, frost mældist 10. s. m. -2.4 stig og aftur 26. s. m. -0.4 stig. Á lágmarksmæli við jörð mældist frost 10. júlí -2.8 stig, 25. s. m. -0.8 stig og 26. s. m. -1.3 stig.

Í ágúst var sólarljósið og kalt. Frost mældist átta sinnum á lágmarksmæli við jörð, mest -5.8 stig 31. ágúst og í mælaskýli -4.2 stig. Í mælaskýli mældist frost sex sinnum í mánuðinum. Heitast var 4. ágúst 18.6 stig.

Í september var breytileg átt og kalt. Til marks um það má geta þess að á lágmarksmæli við jörð mældist frost 18 morgna allt niður í -10.2 stig 29. s. m. og í mælaskýli -8.4 stig. Hámark 14.9 stig mældist 1. s. m. Þann 24. september setti niður dálítinn snjó (12 cm.) sem tók ekki upp í mánuðinum.

Í október ríkti yfirleitt suðlæg átt og hægviðri, nema dagana 23. og 24. s. m. Þá daga gerði hér ofsarok og fauk á hey á nokkrum bæjum í sveitinni. Talsverð frost voru, einkum fyrri hluta mánaðarins. Lágmark -6.9 stig 13. s. m. og hámark 9.0 stig 30. s. m.

Norðlæg átt var í nóvember fram til 23., síðan suðlæg átt. Þann 5. nóvember byrjaði að snjóa og hélzt svo að eöfthvað snjóaði daglega, að einum undanteknum, fram til 26. s. m. en þá tók að hlána. Mest var snjódýptin 67 cm. dagana 21.-23. nóv. Mesta frost mældist -21.4 stig 24. s. m. heitast 9.8 stig 29. s. m.

Í desember ríkti yfirleitt suðlæg átt, með eindæmum snjólétt og frostalítið. Mesta snjósýpt mældist fyrstu þrjá daga mánaðarins 22 c, mesta frost -15.0 stig 27. s. m., heitast 7.1 stig 3. s. m.

Hita- og úrkomumælingar á Vöglum 1963.

	Hitni $^{\circ}$		Úrkoma mm.
Janúar	-5.1	( -2.1)	4.0 -
Febrúar	-3.5	( -3.0)	48.0 -
Marz	1.0	( -6.8)	31.1 -
Apríl	0.6	( 1.7)	119.5 -
Mái	3.1	( 4.8)	62.9 -
Júní	10.5	( 8.2)	47.9 -
Júlí	8.5	( 10.3)	50.3 -
Ágúst	7.4	( 7.7)	12.0 -
September	3.7	( 5.4)	62.9 -
Október	6.1	( 2.9)	35.7 -
Nóvember	-4.7	( -2.0)	123.1 -
Desember	-1.7	( -3.5)	28.3 -
		Alls	625.7 -

Tölurnar í svigum: hitinn 1962.

Sh	7.53 <sup>0</sup>	1963	$\sum$ Apr	39.9
-	7.90	1962	$\sum$ Apr	40.0

## 2. Vöxtur og brif trjágróðurs.

Brum á birki fór að brútna 24. maí. Þá var lerki að verða grænt. Allaufgaður taldist skógurinn 5. júní.

Þann 23. ágúst byrjaði skógurinn að sölna, áberandi 31. s. m. Lauffall byrjaði 8. september, mikið lauffall var dagana 13., 19. og 20. s. m. Lauflaus var skógurinn 25. september.

Fræfall var lítið, engu var safnað.

Vöxtur barrplantna var neðan við meðallag, skárstur var vöxturinn á lerki. Vöxtur á birki var einnig lélegur.

Skemmdir af völdum hretsins í apríl urðu helzt á plöntum sem gróðursettar voru haustið áður. Mest bar á þessu í Þórðarstaðaskógi og Fossselsskógi. Dálítið hefur skemmt af toppum á greniplöntum, sem orðnar voru allt að 14 ára gamlar, einkum hér í skóginum og Þórðarstaða-og Lautaskógi.

## 3. Starfsmenn og verkafólk.

Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda starfsfólks í hverjum mánuði, svo og kaupgreiðslur. Í vinnustundafjöldanum eru ekki meðtaldar ákvæðisvinnustundir.

Starfsfólk Skógræktar ríkisins, Vöglum, árið 1963.

---

### Mánuður

### S t a r f s f ó l k

	<u>Fjöldi</u>	<u>Vinnust.</u>	<u>Laun kr.</u>	<u>Ákvæðisv. kr.</u>
Janúar	4	554	15.195.36	
Febrúar	7	887	25.031.84	
Marz	4	838	25.166.12	
Apríl	9	1284	38.022.88	
Maí	22	2514	68.729.62	
Júní	34	3913	104.944.17	27.966.12
Júlí	26	3251	92.169.78	
Ágúst	24	2536	101.301.14	11.110.00
September	22	2272	72.742.80	6.852.00
Október	12	943	30.940.77	
Nóvember	5	446	15.033.24	
Desember	3	419	15.352.21	
		<u>19857</u>	<u>604.623.92</u>	<u>45.928.12</u>
		<u>Alls kr.</u>	<u>650.552.04.</u>	

Starfsfólki úr Háslhreppi voru greiddar kr. 335.676.55 í vinnulaun.

Gunnar Finnbogason annaðist verkstjórn í græðireitnum 14. júní - 9. júlí. Var starf hans mjög vel þegið og ánægjulegt.

Vilmundur Andrésson tók við verkstjórn þegar Gunnar fór og annaðist það starf af samvisskusemi.

Skógarvörður hafði eftirlit með gróðursetingunni í Fells-Þórðarstaða-og Vaglaskógi og fyrir Skógræktarfélag S.-Þingeyinga í Fössselsskógi, auk grísjunar og vegagerðar þar.

Ráðskona var Guðlaug Karlesdóttir. Fæðiskostnaður karla varð kr. 43.48 en stúlkna kr. 33.48.

## II. G i r ð i n g a f r a m k v æ m d i r.

-----

### 1. Viðhald.

Viðhaldskostnaður, smölun og umsjónarlaun vegna girðinga varð sem hér greinir:

Vaglagirðing.....	kr.	5.856.38
Lunds-og Þórðarstaðagirðing.	-	5.439.27
Sigríðarstaðagirðing.....	-	2.408.75
Mela-og Stórhöfðagirðing....	-	5.188.64
Sandhaugagirðing.....	-	5.122.00
Fössselsgirðing.....	-	712.75
Fellsskógargirðing.....	-	<u>1.331.23</u>

Alls kr. 26.068.02

Í þessari upphæð er efniskostnaður ekki talinn með.

Viðhaldskostnaður varð nokkru minni en á s. l. ári, enda ekki um neinar stórvíðgerðir að ræða, nema á Vaglagirðingunni, sem var nú stauruð talsvert upp og skipt um vírnet á nokkrum stöðum.

Það má segja að ástand girðinga sé all gott, að undanteknu um girðingunum um Sigríðarstaðaskóg og Mela-og Stórhöfðaskóga, en þá síðastnefndu hefir staðið til að girða upp í allmörg ár. Engar nýjar girðingar voru girtar á árinu.

## III. S k ó g a r h ö g g.

-----

v

Eins og tafla yfir skógarhögg og viðarsölu 1963 gefur til kynna urðu tekjur af þessum liðum kr. 140.933.85 og er þá meðtalið staurara og eldiviður til eigin nota.

Útgjöld á skógarhöggsreikningu urðu kr. 189.441.71.  
Við þau bætast svo akstur bíðreiðar og dráttarvélar skóg-  
ræktarinnar.

Talsvert var albírt af girðingastaurum og var ætlunin  
að fúaverja þá. Ýmissa hluta vegna komst það ekki í framkvæmd.  
Kostnaðurinn við birkinguna var svo hár að mér finnst ekki  
fært að halda því áfram að óbreyttu.

Á Þórðarstöðum voru t. d. bírtir 1850 staurar og kostaði  
það kr. 9.155.00. Af þessu voru 650 staurar 4 feta sem að-  
eins voru rispaðir og reikna ég með að hafi kostað kr. 812.00  
að birkja þá, sem er ríflegt, þá hefir kostað kr. 6.87 að al-  
birkja hvern staur,

Skógarhögg og viðarsala á Vöglum 1963.

	<u>Staurar</u> <u>4 feta</u>	<u>Staurar</u> <u>5 feta</u>	<u>Staurar</u> <u>6 feta</u>	<u>Eldiv.</u> <u>tonn</u>	<u>Efniv.</u> <u>tonn</u>	<u>Krónur.</u> <u>_____</u>
Sala 1963	1075	518	694	50.56		66.683.85
S. r. Vöglum	60	150	145	45.00		30.500.00
Birgðir Vöglum 1320		2565	3280	15.00	6.50	96.480.00
" Þórðarst. _____		_____	_____	<u>25.00</u>	_____	<u>11.250.00</u>
Alls	2455	3233	4119	135.56	6.50	204.913.85
- Birgðir '62	<u>1955</u>	<u>2065</u>	<u>2280</u>	<u>46.00</u>	<u>6.00</u>	<u>63.980.00</u>
Högg 1963	<u>500</u>	<u>1168</u>	<u>1839</u>	<u>89.56</u>	<u>0.50</u>	<u>140.933.85</u>
Tonn	<u>1.00</u>	<u>4.67</u>	<u>11.95</u>	<u>89.56</u>	<u>0.50</u>	<u>107.68 tonn</u>

Skógarhögg lá niðri frá áramótum þar til 8. marz að það  
hófst á ný.

Í Vaglaskógi voru grisjaðir reitirnir nr. 108, 109, 110,  
213, 306, 307, 309, 316 og 325 nyrðri hluti.

Í Þórðarstaðaskógi var aðallega grisjað norðan Beitarhúsa-  
tótta og í Lautaskógi norðan Þrífleifsgils, neðan vegar.

Í Fellsskógi var lokið við að grisja spildurnar úr Hnjúks-  
og Hólslandi.

#### IV. Græðireitur.

-----

##### 1. Fjárfesting í græðireitnum.

Skjólbelti. Gerð voru fjögur greniskjólbelti úr brodd-og blágreni, rauðgreni og hvítgreni við Furuvallareiti nr. IV., V og VI.

Garðplöntur. Gróðursett voru 730 blágreni í Furuvallareitum nr. II og IV. Ennfremur 28 bergfura, Ginébra, 133 broddfurur, Sapinero, 93 lindifurur, Krasnojarsk, 76 hvítþinur, Sapinero í Furuvallareit nr. I. Má nota þessar plöntur hvort heldur sem garðplöntur eða jólatré, síðar. En þessir reitir verða allir lagðir niður til plöntuuppeldis við gróðrarstöðina. (sáninga eða dreifsetninga).

Plöntugeymsla og þökkunarskýli. Á árinu var byggð plöntugeymsla og þökkunarskýli. Plöntugeymslan, sem er niðurgrafin, er steinsteypt og er stærð hennar: lengd 6.3 m., breidd 3.5 m., hæð veggja 3.5 m., hæð stafna 4. 5 m. Þak járnklætt á langböndum. Geymslan var sementsborin innan og utan, síðan tjörguð utan. Loks var fyllt að með mól og gjóti. Þakjárn var tjargað, síðan var lagt á það lag af limi, þá var þakið og grasrótin látin snúa niður. Að því búnu var látið á það ca. 30 cm. moldar lag og loks þakið og rötin nú látin snúa upp. Vesturstafn, sem ekki er jarðlag að, er einangraður með 2" plasti. Rimlagólf er í geymslunni, 50 cm. frá grunni, hillur meðfram veggjum, gangur í miðju með lausum flekum, svo að koma má ís undir rimlagólfið. Allt timbrið fúavarið. Frárensli er úr grunninum og loftrás á þaki.

Þökkunarskýlið var reist við vesturstafn plöntugeymslunnar og er lengd þess 7.8 m. og hæð 2. 7. m. Skýlið er úr timbri, klæðningin mótaviður frá skógarvarðarbústaðnum (vatnasklæðning), trekkfastolíuborin, þak járnklætt á langböndum.

Í þökkunarskýlið fóru 1200 fet 1x6" og í plöntugeymsluna í hillur og rimlagólf 1100 fet 1x6" af mótaviði og er það ekki reiknað með í kostnaði við geymsluna og skýlið, sem varð kr. 54.1553.74, auk aksturs bifreiðar og dráttarvélar stofnunarinnar.

Í þökkunarskýlinu er ágæt geymsla fyrir vermireitaglugga svo og ýms verkfæri, sem annars hefði orðið að geyma úti að vetrinum.

##### 2. Áburður. Af tilbúnum áburði var notað:

300 kg. kjarni  
240 - kalí  
180 k- þrífosfat

Af húsdýraáburði var ekið 29 tonnum í reitina.

Höfrum var sáð í þá reiti sem ekki voru í ræktun í sumar, snemma í júlí. Tókst sáningin vel og voru hafrarnir tættir niður í byrjun september.

### 3. Fræplöntur.

Sáning hófst 7. júní og lauk 10. s. m. Sáð var í 454 m<sup>2</sup> 10.45 kg. af fræi, auk 1 kg. af lúpínufræi í 36m<sup>2</sup>. Spírun á fræinu var yfirleitt nokkuð góð.

Talningin stóðst nokkurn veginn, talsvert meira kom upp af hvítgreni, en áætlað og nokkru minna magn af bergfuru, svo að það jafnaði sig nokkuð.

Fræplöntur til dreifsetningar eru með færra og smærra móti og væntanlega verður að bæta úr því með að dreifsetja 2/o rauðgreni síðari hluta sumars.

### 4. Dreifplöntur.

Dreifsetning hófst 31. maí og lauk 27. júní. Dreifsettar voru 235.600 plöntur, þar af 181.200 í ákvæðisvinnu, en 54.400 í tímavinnu. Dreifsetningin gekk óvenju seint og erfiðlega. Aðeins tvær vanar stúlkur unnu nú að dreifsetningunni og þær óvönu sem byrjuðu voru yfirleitt úthaldslitlar og gáfust nokkrar þeirra upp.

Dreifsetningin tókst yfirleitt vel, nema stafafura 2/o. Búið var að taka upp 3/o stafafurauna áður en hún byrjaði nokkuð að vaxa og var hún geymd í ~~og~~ plastpokum og tekin úr þeim eftir hendinni til dreifsetningar. Tveggja ára stafafuran var hinsvegar farin að vaxa þegar hún var tekin upp og dreifsett. Urðu töluverð vanhöld á henni eins og fyrr er sagt.

### 5. Seldar og afhentar plöntur.

Afhentar voru 291.660 plöntur, 14.400 plöntum færra en áætlað. Mest munar um að 28.000 plöntum var afgreitt færra af balsamþin, en ráðgert og ekkert af síberíuþin, ennfremur ~~ni~~ nokkru minna af birki, fallapin og stafafuru. Aftur á móti var var afgreitt 26.000 plöntum fleira, af rauðgreni, blágreni og bergfuru, en áætlað.

Balsamþinurinn og síberíuþinurinn fóru afar illa, aðallega í hrétinu í apríl.

### 6. Ýmislegt varðandi græðireitinn.

Skemmdir af völdum haustfrosta urðu ~~xxxxx~~ minni en við mátti búast. Helzt sést á dreifsettu lerki og lítilsháttar á greni 2/o og 3/o.

Símazím var mest notað við illgresiseyðinguna, óía einnig í götur og fræbeð. Nú tókst að lækka hreinsunarkostnaðinn úr 51.000 kr. á s. l. árin í 41.400 kr., þrátt fyrir kauphækk-anir. En hinsvegar hefur flatarmál lands í ræktun minkað, m. a. hafa þrír litlir reitir verið lagðir niður og dreifsetning og sáning síðustu árin verið talsvert minni en áður.

Vel tókst að halda fjárhagsáætlun gróðrarstöðvarinnar, jafnvel þó plöntugeymsla og þökkunarskýli séu talin með, en þau voru byggð bæði stærri og vandaðri en upphaflega ráðgert. Rekstrarkostnaður stöðvarinnar varð kr. 356.000 kr. eða kr. 35.000 lægri en áætlað.

Verðmæti afhentra plantna varð kr. 504.014.00.

Áður er dregið á notkun plastpoka til geymslu á plöntum að vorinu. Eftir þeirri reynslu sem fékkst í vor, með plöntur bæði til dreifsetningar og gróðursetningar, þá viðást mér af-föll verða mun minni ef þekarnir eru notaðir. Auðvitað verður að geta þess að taka plönturnar nægilega snemma upp á vorin. Þess má geta að þekarnir voru ekki geymdir á nægilega góðum stað í fyrra vor, svo ég geri mér miklar vonir um mikinn ár-angur í góðri geymslu.

Í október lét ég setja dálítið af lerki, stafafuru, balsamþin, svartgreni og rauðgreni, sem bæði á að dreifsetja og selja, í plastpoka. Verður fróðlegt að fylgjast með því hver-nig þessar plöntur fara með sig í geymslunni í vetur.

## V. Gróðursetning.

-----

Gróðursett var í Vaglaskógi dagana 10.- 24. júní og síðar 2. og 7. september. Gróðursetningar-kostnaður var 58 aurar á plöntu, grísjun kostaði 20 aura á plöntu.

Í Þórðarstaðaskógi var gróðursett 9.- 15. júní og var kostnaður 57 aurar á plöntu, grísjun 30 aurar pr. pl. Síð-sumar gróðursetning stóð yfir 19. ágúst til 7. september.

Í Þórðarstaðaskógi var ~~stafafurum~~ gróðursett ofan og norðan Beitarhúsatóttu, stafafurur var gróðursett yzt í Lautaskógi, ofan vegar, en þar var áður búið að planta skógarfuru.

Í Fellsskógi var gróðursett 10.- 15. júní og síðar 25. júlí- 27. ágúst. Gróðursett var í efri hluta spildunnar úr landi Hnjúks og Hóls. Gróðursetningark. varð 58 aurar á plöntu, grísjun kostaði 28 aura á plöntu.

Gróðursettar voru 66.945 plöntur, tæplega 3000 plöntum færri en áætlað.

Tilbúinn áburður var borinn á í reit nr. 312. Notaður var kjarni ca. 20 gr. á plöntu. Borið á snemma í júní.

Áburðartilraun var gerð samkvæmt fyrirsögn tilraunastjóra í reit nr. 325, rauðgreni. Borið var á mismunandi magn af ammoniumnitrat, ureaformi og garðáburði. Tilraunin var gerð dagaana 19.- 21. ágúst.

Gróðursett var sem hér greinir: 1963.

	<u>Tegund</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Reitur</u>	<u>Plöntufj.</u>
Vaglaskógur	Blágreni	2/4	Sapinero	208	300
"	"	2/5	"	320	3.590
"	Broddxblágr.	2/5	"	x)	1.100
"	Bergfura	2/3	Pyr.	xx)	2.300
"	Lindifura	3/5	Tastip	203&209	200
"	Stafafura	2/2	Skagway	212	7.100
"	"	2/3	Banff	203	450
"	Fjallapínur	2/4	Sapinero	208	25
"	"	2/5	"	319	1.180
"	Rússalerki	2/3	Sverdl.	324 shl.	4.900
					<u>Samt. 21.145</u>
Pórðarst.sk.	Rauðgreni	2/4	Grane V.		12.000
"	Blágreni	2/5	Slung.		3.000
Lautaskógur	Stafafura	2/2	Skagway		6.000
					<u>Samt. 21.000</u>
Fellsskógur	Rauðgreni	2/3&2/4	Grane V.		12.490
"	Broddxblágr.	2/5&3/5	Sapinero		7.310
"	Blágreni	2/5	Slung.		3.000
					<u>Samt. 22.800</u>
					<u>Alls gróðursett 66.945</u>

Gróðurssetning Skógræktarfélags S.-Þing. í Fössselsskógi.

Gróðursett var:

	<u>Tegund</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Plöntufj.</u>
Fössselsskógur	Rauðgreni	2/4	Vefsen G.	14.310
"	Broddxblágr.	2/5	Sapinero	2.700
"	Blágreni	2/5	Slung.	1.200
				<u>Alls gróðursett 18.210</u>

Í Fössselsskógi unnu fimm menn frá 15. júlí til 14. ágúst. Gróðurssetning hófst 26. júlí og var lokið 12. ágúst. Óskar Ólafsson og Þórhallur Guðnason önnuðust daglega verkstjórn, Þórhallur í júlí, en Óskar tók við þegar hann kom á og Þórhallur hætti.

Kostnaður skiptist þannig: Plöntukaup (aðeins rauð-  
grenið) kr. 15.786.25, grisjun 32.105.95, gróðursetning  
11.694.95, vegagerð 14.230.28, ráðskona 6.913.00, axkstur  
3.030.00, ýmislegt (kamrar o. fl.) 4.494.55, alls kr.  
88.128.98

Gróðursett var í 4.03 ha., ruddur nýr vegur 2.06 km,  
grisjað fyrir gróðursætningu 5.4 ha. og grisjað frá eldri  
gróðursetningu 5. 1. ha.

## VI. Byggingar.

-----

### 1. Viðhald.

Viðhaldkostnaður fór fram úr áætlun eins og oft áður,  
eða um tæpar kr. 23.000.00

Á Vöglum I var hlöðu breytt í vélageymslu. Varðað fylla  
með mold í hlöðuna, sem var mikið niðurgráfin, stækka dyrnar  
og setja nýjar hurðir. Smávegis var dittað að íbúðarhúsinu.

Vaglir II. Húsið olíuborið utan. Smíðaðir skápar í kjalla-  
ara. Gengið frá raflögnum.

Brúarlundur. Settar upp tvær nýjar handlaugar, klósettskál  
og dittað að ýmsu.

Um Furuvelli er það að segja að gjörsamlega er útilokað að  
notast við húsið lengur sem matsal og eldhús fyrir starfsfólk-  
ið. Gólfíð er að detta niður, þakið sömuleiðis, auk þess mág-  
lekur þakið ef eitthvað dropar úr lofti að ráði. Ræfleiðslur  
eru allar í hættu, svo að búast má við að rafurmagnið verði  
tekið af húsinu, samkvæmt nýloknu eftirliti Héraðrafmagnsveita  
ríkisins.

Ásbyrgi. Sett upp ný eldhúsinnrétting og eldhúsið gert  
alveg upp.

## VII. Vegagerð.

++-----

Unnið var að vegagerð fyrir rúmlega kr. 32.000.00.  
Framlag sýsluvegasjóðs var kr. 5.000.00, Fjallavegasjóður  
lagði fram jafn háa upphæð.

Í Vaglaskógi var borið oafan í veginn suður skóginn, þar sem þörfin var mest, ennfremur í veginn upp í Vagli.

Í Þórðarstaðaskógi var ruddur vegarspotti norðan og ofan Beitarhúsatóttu, vegna gróðursetningar og skógarhöggs.

#### VIII. Ferðir og leiðbeiningar.

---

Að venju fór ég margar ferðir í Fells-, Fossselsveg og Þórðarstaðaskóga, vegna eftirlits, grisjunar og gróðursetningar.

Austur að Ásbyrgi fór ég þrjár ferðir til viðræðna við við eftirlitsmanninn þar.

Í ágúst sat ég aðalfund Skógræktarfélags Íslands á Akureyri.

Eins og jafnan áður fór ég margar ferðir vegna viðskipta til Akureyrar og víðar.

#### IX. Ýmisllegt.

---

Ferðafólk var nokkuð margt þrátt fyrir kalt sumar. Umgengi var auðvitað misjöfn, ekki þó verri en undanfarin ár.

Þrír dansleikir voru leyfðir í Brúarlundi, hélt U. M. F. Bjarmi tvo þeirra, en Skógræktarfélag S.-Þingeyinga einn. Fóru þeir fram með bezta móti, eftir því sem við eigum að venjast hér.

Ég sékk leyfi sýslumanns til þess að hafa löggæzlumenn hér í skóginum þegar nauðsynlegt mætti teljast. Kom það sér vel og var meðal annars komið upp um þó nokkuð marga þjófnaði úr tjöldum hér í skóginum. Voru piltar þeir er hér áttu hlut að máli fluttir til Akureyrar og afhentir lögreglunni þar. Einnig þurfti að flytja nokkra ölóða menn til Akureyrar. Tel ég nauðsynlegt að lögreglumenn séu til taks þegar fjölmennast er hér um helgar, svo að hægt sé að taka strax fyrir þjófnaði og spellvirki.

Kostnaður við ferðafólk varð um kr. 4.500.00

Af erlendum gestum má nefna normennina Mork, Læg og Austin, ennfremur þýska skógræktarstjóran dr. Mann.

Í júlí héldu skáttar Norðurlandsmót sitt hér í skóginum og í september foringjanámskeið með bækistöð í Brúarlundi.

Að lokum lýsi ég ánægju minni yfir nýju bókhaldskerfi, Taylorix, sem er einfaldara og fljótlegra en það sem áður var notað.

Vöglum 14/1 1964.

*Jóhanna María Jónsdóttir*